



# BETRI BORGARFJÖRÐUR

Framtíðarsýn og markmið  
*Uppfært í mars 2021*

**Brothættar byggðir**



**Borgarfjarðarhreppur**

## Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn verkefnisins *Betri Borgarfjörður* sem tilheyrir röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í upphafi verkefnis var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir. Þinginu var stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Ildi. Í framhaldi vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnuþátta og -þróunar, auk sérstöðu landshlutans. Niðurstöður íbúáþings, fyrrnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið, sem voru lögð fyrir íbúa til samþykktar á íbúafundi að hausti 2018.

### Hugtakanotkun og orðskýringar:

- Brothættar byggðir:** Verkefnið Brothættar byggðir sem verkfæri/verklag á landsvísu.
- „Brothætt byggð“:** Verkefni Brothættra byggða í einstökum þátttökubyggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.
- Byggðarlag/byggð:** Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
- Framtíðarsýn:** Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
- Meginmarkmið:** Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og fela í sér skilgreiningu framtíðarstöðu í þeim áhersluþáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins Brothættar byggðir.
- Starfsmarkmið:** Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið. Á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
- Stefnumótun:** Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
- Stöðugreining:** Yfirlit og greining helstu þátta er einkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri áhrifaþætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

## Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis *Brothættra byggða* sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu *Betri Borgarfjarðar* er staðan vistuð hjá Austurbrú. Verkefnisstjóri er Alda Marín Kristinsdóttir.

Í verkefnisstjórn Betri Borgarfjarðar sitja eftirfarandi aðilar:

- Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa
- Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnisstjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun
- Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðar eystra
- Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA
- Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun
- Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa
- Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

## Framtíðarsýn 2023

Íbúum á Borgarfirði eystra hefur fjölgað enda samfélagið þekkt fyrir samheldni þeirra sem þar búa og að taka vel á móti nýju fólki. Börnum hefur fjölgað í leik- og grunnskóla samhliða því að atvinnutækifærum hefur fjölgað. Framboð á þjónustu við íbúa hefur þar af leiðandi aukist, til dæmis í heilbrigðis- og öldrunarþjónustu. Sjávarútvegur, ásamt landbúnaði eru sem fyrr grunnatvinnugreinar svæðisins, ferðaþjónusta er orðin heils árs atvinnuvegur og nokkur árangur hefur náðst í að laða að störf óháð staðsetningu. Borgarfjörður eystri tekur vel á móti ferðamönnum og er þekktur hérlandis og erlendis sem náttúru- og útivistarparadís og fyrir kraftmikið menningarlíf. Fjörðurinn er aðgengilegur jafnt sumar sem vetur þrátt fyrir að vera úr alfaraleið.



*Mynd 1 Markmið og framtíðarsýn er að mestu byggt á niðurstöðum íbúaþings en tekur jafnframt mið af greiningu á stöðu byggðarlagsins (Mynd: KBH)*

### Meginmarkmið

- Gott mannlíf
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Öflugir innviðir
- Einstakt umhverfi



(Mynd: KPH)

## Meginmarkmið 1: Gott mannlíf

Starfsmarkmið 1.2 **Búðin Borgarfirði verði miðpunktur samfélagsumræðu.** Á þetta sérstaklega við um vetrarmánuðina. Þegar opnunartímar verslunarinnar eru takmarkaðir geti íbúar hist og átt saman huggulega stund.

Ábyrgð: Íbúar, framkvæmdastjóri, stjórn verslunar.

Tímabil: Fyrir lok árs 2018.

Sjá markmið 3.1 og 3.2

Starfsmarkmið 1.3 **Setja saman og nýta feril um móttöku nýrra íbúa.** Við viljum að nýbúum á Borgarfirði líði vel og eigi greiðan aðgang inn í samfélagið okkar. Útbúinn verði upplýsingapakki fyrir nýja íbúa.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, aðrir íbúar, verkefnisstjóri.

Tímabil: Fyrir lok árs 2018.

Starfsmarkmið 1.4 **Skipuleggja og hefja markvissara starf sem miðar að því að efla íbúa af erlendu bergi brotna, þar með talið með öflugri íslenskukennslu.**

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, verkefnisstjóri, Austurbrú.

Tímabil: Fyrir mitt ár 2019 (eftir það stöðug eftirfylgni).

2020 – 2021:

Austurbrú hefur haldið tvö íslenskunámskeið fyrir erlenda íbúa á Borgarfirði:

Maí – júní 2020

September 2020 – janúar 2021

Næsta námskeið er ráðgert í apríl – maí 2021

Starfsmarkmið 1.5 **Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf.**

Ábyrgð: Austurbrú.

Tímabil: Stöðug eftirfylgni.

Febrúar 2020:

Náms- og starfsráðgjafar Austurbrúar héldu kynningarfund um raunfærnimat, námskeið/námsbrautir og aðra þjónustu við nemendur sem Austurbrú veitir.

Aðstaða í Fjarðarborg hefur verið ágætlega nýtt seinni part vetrar.

Hægt að taka framhaldsskóla- og háskólapróf á starfsstöðvum Austurbrúar.

Starfsmarkmið 1.6 **Setja upp viðburðadagatal á [www.borgarfjordureystri.is](http://www.borgarfjordureystri.is) og í Búðinni.** Ný heimasíða er í smíðum. Viðburðadagatal er bæði ætlað heimamönnum sem yfirlit yfir það sem fram undan er í sveitarfélaginu en einnig þeim sem vilja sækja svæðið heim. Viðburðadagatal í búðinni er sýnilegt þeim sem ekki fylgjast með á vefnum.

Ábyrgð: Vefstjóri og verslunarstjóri.

Tímabil: Haust 2018.

2018: Ný heimasíða í loftið. Búðin fékk styrk til að setja upp viðburðadagatal.

2019: Facebook-síðan Borgarfjörðueystri.is

Starfsmarkmið 1.7 **Kortleggja hvaða þörfum þarf að mæta í afþreyingu og félagsstarfi íbúa.** Fulltrúar félagasamtaka og aðrir áhugasamir hittast og setja saman vetrardagskrá og skipta með sér og raða viðburðum í viðburðadagatal með það að markmiði að mynda samfellu í félagsstarfi íbúa, sérstaklega yfir háveturinn. Skoða þarf sérstaklega að styrkja félagsstarf barna og ungmenna utan skipulagðs skólastarfs.

Ábyrgð: Félagasamtök á Borgarfirði.

Tímabil: Haustið 2018. Stöðug eftirfylgni.

Starfsmarkmið 1.8 **Stofna og virkja fjarbúafélag.** Tilgangur félagsins er að styrkja tengsl milli einstaklinga sem eiga húsnæði á Borgarfirði en hafa ekki fasta búsetu þar. Þannig skapast einnig leið fyrir enn betri samskipti staðarbúa og fjarbúa.

Ábyrgð: Einfríður Árnadóttir og Þórhalla Guðmundsdóttir.

Tímabil: Vetur 2018-2019.

Mars 2019: Félag fjarbúa stofnað.

Apríl 2019: Góð þátttaka í úrbóttagöngu.

Maí 2019: Styrkur til uppsetningar söguskilta.

Sumar 2020: Hafa tekið að sér ýmis úrbótaverkefni.

Facebook-síða fjarbúafélags – auðvelt að koma skilaboðum (auglýsingar um störf, húsnæði, viðburði o.fl..)

Starfsmarkmið 1.9 **Ungmennafélag Borgarfjarðar (UMFB) stefnir að því að koma á reglulegum íþróttæfingum fyrir börn.** Kannað verði að koma á samstarfi við utanaðkomandi aðila um framkvæmd. Samstarfið gæti til að mynda falist í því að börn sækja félagsstarf út fyrir fjórðinn eða leiðbeinendur verði fengnir annarsstaðar frá. Félagið stefnir einnig á að hafa „íþróttahittinga“ fyrir unglunga og fullorðna, vikulega eða hálfsmánaðarlega.

Ábyrgð: Stjórn UMFB.

Tímabil: Hausti 2018. Stöðug eftirfylgni.

2019: Ræktin flytur í Fjarðarborg, flott aðstaða, ný tæki keypt.  
Grunnskóli nýtir aðstöðuna í íþróttakennslu.  
2019: Hreppsnefnd samþykkir að veita tómstundastyrk  
(akstur).  
2019-20: Frisbígolfvöllur.  
2020-21: Ærslabelgur.  
2020-21: Tómstundastyrkur Múlapings er 100.000 kr. á önn  
fyrir borgfirsk börn á grunnskólaaldri og 50.000 á önn fyrir  
leikskólabörn.

Starfsmarkmið 1.10 **Gera reglulega þjónustukönnun sem kortleggur þjónustuþörf og gæði þjónustu á Borgarfirði**, að fyrirmynd starfshóps *Borgarfjarðar eystri – Að vera valkostur* sem framkvæmd var 2016.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.

Tímabil: Í fyrsta sinn 2019. Stöðug eftirfylgni.

Þjónustukönnun framkvæmd í lok febrúar 2021. Niðurstöður könnunar kynntar á íbúafundi 23. mars 2021.

Starfsmarkmið 1.11 **Haldin verði regluleg tómstundanámskeið eða fræðsluerindi u.þ.b. þrisvar sinnum á ári.**

Ábyrgð: Félagasamtök, Austurbrú, verkefnisstjóri.

Tímabil: Vetur 2018-2019. Stöðug eftirfylgni.

2018: Jólakonfektgerð.  
2019: Fræðsludagur Búðarinnar.  
2020: Skrautskriftarnámskeið.





(Mynd: KPH)

## Meginmarkmið 2: Fjölbreytt atvinnulíf

Starfsmarkmið 2.1 **Leita leiða til frekari fullvinnslu matvæla, t.d. sjávarfangs og kjöts.** Þannig mætti auka fjölbreytni í framleiðslu í sjávarútvegi og landbúnaði. Skoða möguleika á samlegðaráhrifum við ferðapjónustu og í markaðssetningu.

Ábyrgð: Frumkvöðlar og verkefnisstjórn.

Tímabil: 2018-2020.

2019: Ferð Búnaðarsambands Austurlands og Austurbrúar til Bornholm.

2019-2020: Sporður hf.

2020-2021: Blábjörg/KHB Brugghús: Tilraunir með m.a. þara í matvælum og drykkjum.

Starfsmarkmið 2.2 **Láta reyna á möguleika Borgarfjarðar að fá úthlutun úr sérstöku aflamarki Byggðastofnunar.**

Starfsmarkmið 2.2a **Unnið verði að því að lokað verði fyrir togveiðar stærri skipa í kálgorðum dagróðrabáta á Borgarfirði.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við aðila í sjávarútvegi á Borgarfirði og verkefnisstjóra.

Tímabil: Fyrir mitt ár 2019.

2019: Fundur sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps með sjávarútvegsráðherra.  
2020: Ályktun íbúafundar í júní 2020.  
2021:  
Febrúar: Ályktun heimastjórnar Borgarfjarðar um breytingar á fiskveiðilögum. Lagt til að settar verði tímabundnar lokanir á Skápnunum.  
Mars: Fundur BB og fulltrúum heimastjórnar Borgarfjarðar með atvinnuveganefnd Alþingis varðandi tímabundnar lokanir á Skápnunum.  
Mars: Fundur heimastjórnar Borgarfjarðar með fulltrúum Sjávarútvegsráðuneytis varðandi tímabundnar lokanir á Skápnunum.  
Mars: Fundur heimastjórnar með fulltrúum Byggðastofnunar varðandi sértækan byggðakvóta.

Starfsmarkmið 2.3 **Vinna hefjist við úrbætur í höfninni til að tryggja meira legurými og annað löndunarpláss.**

Ábyrgð: Hafnarstjórn (sveitarstjórn).

Tímabil: 2019-2021.

2021: Verkið á leið inn í samgönguáætlun, tímasett og fjármagnað.

Starfsmarkmið 2.4 **Skoðað verði að koma á svipaðri starfsemi í Fjarðarborg og í Blábankanum á Þingeyri** og þá sérstaklega horft til þess hvernig ný byggðaaætlun getur nýst Borgarfirði að þessu leyti.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, sveitarstjórn, verkefnisstjóri.

Tímabil: Fyrir lok árs 2019.

2019: Heimsókn í Blábankann á Þingeyri.  
2019: Styrkur til þróunar Samfélagsmiðstöðvarinnar Fjarðarborgar frá Uppbyggingarsjóði Austurlands: 800.000.  
2020: Árni Magnús Magnusson ráðinn tímabundið í þróunarstarf.  
2020: Framkvæmdastyrkur úr BB: 5.000.000.  
2020: Umsókn í Öndvegissjóð BB: 10.000.000.  
2020-21: Hugmynda- og teiknivinna, tafir vegna Covid-19.

Starfsmarkmið 2.5 **Ræða við ráðuneyti og stofnanir um hvort grundvöllur sé fyrir fjarstörfum** staðsettum á Borgarfirði líkt og kveðið er á um í nýrri byggðaaætlun. Tengja mætti þessi störf við starfsmarkmið 2.4.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn og sveitarstjórn.

Tímabil: Lokið á árinu 2019.

Sjá 2.4  
Möguleikar að skapast með sameiningu sveitarfélaga.  
Vstj. auglýsir m.a. allt sem birtist hjá starfatorgi (án staðsetningar) og víðar.

Starfsmarkmið 2.6 **Klára endurbætur á efri hæð Fjarðarborgar svo að húsnæðið uppfylli þarfir** skv. starfsmarkmiði 2.4.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, starfsmenn áhaldahúss.

Tímabil: Verkefni hefst haust 2018.

Sjá 2.4

Starfsmarkmið 2.7 **Möguleikar til eflingar ferðaþjónustunnar kortlagðir.** Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Borgarfirði, sérstaklega með tilliti til jaðartímabila. M.a. þarf að horfa til þjónustugæða og afþreyingarmöguleika.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og aðra hagaðila.

Tímabil: Lokið fyrir sumar 2019.

2019-2020: Töluverð aukning í afþreyingu fyrir ferðafólk (og þ.a.l. heimafólk).

- Fjarðarhjól
- Kayhike
- Frisbígolfvöllur
- Ýmsir viðburðir, t.d. í Blábjörgum, sérstaklega utan háannar.
- Ferðasumar.is
- Já sæll

Starfsmarkmið 2.8 **Koma þarf af stað samræmdu markaðssetningarátaki fyrir áfangastaðinn Borgarfjörð.** Efla þarf vörubrúun í ferðaþjónustu.

Ábyrgð: Ferðaþjónustuaðilar.

Tímabil: Lok árs 2019.

2019: Samfélagsmiðlanámskeið Austurbrúar á Borgarfirði.

2019: Borgarfjörðureystri.is á Facebook – #borgarfjordureystri og #puffinmarina.

2020: Sameiginlegt markaðsstarf ferðaþjónustaðila (Ferðamálahópur) styrkt af BB.

2020: COVID-19 – Mikil vörubrúun í gangi hjá ferðaþjónustuaðilum sem er algjörlega að skila sér.

Starfsmarkmið 2.12 **Kannaðir verði möguleikar á uppsetningu** handverkshúss þar sem handverksfólk á Borgarfirði getur framleitt og selt sína vöru.

Ábyrgð: Bryndís Snjólfsdóttir og aðrir áhugasamir.

Tímabil: Vor 2019.

2018: Staða tekin á húsakosti og niðurstaða að ekki er grundvöllur fyrir sameiginlegum vettvangi að svo stöddu.

Starfsmarkmið 2.13 **Þetta húsnæði Bræðslunnar þar sem fyrirhugað er að setja upp bátasafn.**

Ábyrgð: Bátasafn Borgarfjarðar sjálfseignarstofnun.

Tímabil: Sumar 2019.

2018: Verkefnið hlaut styrk frá BB.

Starfsmarkmið 2.14 **Finna gamla kaupfélagshúsinu nýtt hlutverk.** Húsnæðið, sem er friðað, er í eigu einkaaðila. Húsið blasir við gestum um leið og ekið er inn í þorpið og því mikilvægt að aðkoman sé góð.

Ábyrgð: Auður Vala Gunnarsdóttir og Helgi Sigurðsson (eigendur).

Tímabil: 2018 – 2019.

2018-2020: Eigendur staðið í ströngu við hugmyndavinnu og vöruþróun. Bjór-, gin- og landabrugghús og sögusafn um landann.

2018: Styrkur úr BB.

2020: Styrkur úr BB.

2020: Styrkur úr Húsafriðunarsjóði: 3.000.000.

2020: Umsókn í Öndvegissjóð BB.

2021: Unnið að endurbyggingu hússins í samstarfi við Minjastofnun.

Starfsmarkmið 2.15 **Unnið verði að innanhússkipulagi í þjónustuhúsi í Höfn sem miðar að sem bestri nýtingu hússins, bæði fyrir ferðamenn og sjómenn.** Samkvæmt teikningum er neðsta hæð hússins ætluð þjónustu við höfnina og sjómenn. Á miðhæð verður þjónusta við ferðamenn, setusvæði og opnar svalir með útsýni yfir höfnina og hólmann. Á efstu hæð er sýningarrými, ætlað til uppfærðslu um lífríki og náttúrufar Borgarfjarðar. M.a. þarf að finna aðila sem hanna og setja upp sýninguna.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímabil: Vetur 2018 – 2019.

2019-2020: Hús klárað.

2020:

Febrúar: Auglýst eftir rekstraraðila húss.

Mái: Hafnarkaffi opnar.

Sumar: Sýningar á efstu hæð.

Sýning um lífríki og náttúrufar á hugmyndastigi.

Starfsmarkmið 2.16 **Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eftt.** Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Borgarfirði verði komið til fyrir árslok 2021.

Ábyrgð: Frumkvöðlar, atvinnulíf, verkefnisstjórn.

Tímabil: Fyrir lok 2021.

2018: Landverðir á Víknaslóðum

2019: Íslenskur dúnn

2019: Puffin Treats

2019: Fjarðarhjól

2020: Sporður

2021: Landi og gin.



(Mynd: KPH)

### Meginmarkmið 3: Öflugir innviðir

Starfsmarkmið 3.1 **Opnun matvöruverslunar á Borgarfirði.** Íbúar settu matvöruverslun efst á lista yfir aðkallandi mál sem þyrfti að leysa. Einkahlutafélag var stofnað í byrjun júní og hlutafé frá áhugasömum einstaklingum safnað saman. Stofnfundur var haldinn 28. júní og stjórn félagsins kosin.

Ábyrgð: Félag um verslunarrekstur á Borgarfirði.

Tímabil: Lok júní 2018.

2018

Apríl – júní: Söfnun hlutafés, undirbúningur opnunar.

Júní/júlí: Verslun opnar.

Starfsmarkmið 3.2 **Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar**

m.a. með hliðsjón af ákvæðum í nýsamþykktri byggðaáætlun.

Ábyrgð: Stjórn Gusu ehf. og verslunarstjóri með aðstoð verkefnisstjóra eftir þörfum.

Tímabil: Fyrir mitt ár 2019. Stöðug eftirfylgni.

2018 og 2019: Styrkir úr BB.

2018 og 2019: Styrkir úr Verslun í dreifbýli: 4.000.000

2019: Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn.

Dugleg að halda viðburði og auglýsa sig.

Viljug að bjóða upp á staðbundna framleiðslu (af Austurlandi) til sölu.

2021: Samtarf við Matarauð Austurlands (Austurbrú) um framsetningu austfirskra matvæla.

Starfsmarkmið 3.3 **Í samstarfi við ríkið verði allra mögulegra leiða leitað til að**

**komið verði bundið slitlag á veginn milli Borgarfjarðar og**

**Egilsstaða fyrir árslok 2020.** Íbúar Borgarfjarðar sækja flesta

opinbera þjónustu til Egilsstaða og er áriðandi að vegurinn sé

greiðfær allt árið. Þá er Borgarfjörður eystri vinsæll áfangastaður

ferðamanna og hefur umferð stóraukist í samræmi við fjölgun

ferðamanna.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og verkefnisstjórn í samstarfi við stjórnvöld og Vegagerðina.

Tímabil: Lokið fyrir árslok 2020.

2019: Klæðning lögð á Njarðvíkurskriður og Vatnsskarð að hluta.

2020: Vatnsskarð klárað.

Eiðar-Laufás á samgönguáætlun. Verki flýtt vegna COVID-19.

2020: Forhönnun.

2021: Fer í útboð í vor, verkið hefst 2021 og verklok áætluð 2022.

2021: Áskorun heimastjórnar og sveitarstjórnar Múlaþings um að Borgarfjarðarvegur fái fulla vetrarþjónustu.



Starfsmarkmið 3.4 **Allra leiða verði leitað til þess að vegur út í Höfn verði tvær akreinar fyrir árslok 2020.** Þungaflutningar um veginn eru talsverðir, auk þess sem Hafnarhólmi er mjög vinsæll og fjölsóttur viðkomustaður ferðamanna.

Ábyrgð: Sveitarstjórn og verkefnisstjórn í samstarfi við stjórnvöld og Vegagerðina.

Tímabil: Fyrir árslok 2020.

2018: Vegur breikkaður að hluta, slitlag lagað og bætt við útskotum.

Starfsmarkmið 3.5 **Fylgja eftir að fullnægjandi GSM sambandi verði komið á á leiðinni frá Héraði til Borgarfjarðar.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímabil: Fyrir árslok 2019.

2020, vor: GSM sambandi komið á á Vatnsskarði, í Njarðvík og inni á sveit.

\*Enn gloppótt hluta leiðar á Héraði.

\*GSM samband á sjó er mjög lélegt.

\*GSM samband inni á sveit er gloppótt.

Starfsmarkmið 3.6 **Ljósleiðari verði lagður í sveitir Borgarfjarðar og þar með til Njarðvíkur.** Verkið fór í útboð 30. ágúst 2018.

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímabil: Lokið á árinu 2018.

2019: Ljósleiðari lagður á sveitabæi á Borgarfirði (liggur gegnum þorpið) og búið að tengja nokkur hús.

2020: Ljósleiðari lagður í Njarðvík.

Starfsmarkmið 3.7 **Tryggð verði þjónusta læknis og hjúkrunarfræðings á Borgarfirði.** Viðvera læknis er í dag engin og hjúkrunarfræðingur kemur tvisvar í mánuði.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, heilbrigðisyfirvöld.

Tímabil: Fyrir árslok 2018.

2019:

Apríl: Umræðufundur BB, íbúa og HSA.

Mái: Viðbragðsaðilar og BB vinna minnisblað fyrir hreppsnefnd og HSA.

Júní: HSA sent minnisblað.

Júlí: HSA auglýsir 50% stöðu hjúkrunarfræðings (2 umsóknir).

Október: Hjúkrunarfræðingur tekur til starfa á Borgarfirði.

2020: Sjúkrabíll flytur á Borgarfjörð í apríl.

Starfsmarkmið 3.8 **Lagt verði kapp á að tryggja forgang Borgarfjarðar í tilraunaverkefni um fjarlækningar** sem nú er stefnt að í byggðaaáætlun, þar sem kveðið er á um að jafna þurfi aðgengi almennings að almennri og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjóri og verkefnisstjórn.

Tímabil: Lokið fyrir mitt ár 2019.

2019, nóvember: Fjarlækningatæki flytur á Borgarfjörð.

2019-2020: HSA með starfsmann í að innleiða slík tæki inn í heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Í biðstöðu vegna COVID-19 en heldur áfram í haust.

Starfsmarkmið 3.9 **Metin verði þörf og skipulögð viðeigandi/aukin þjónusta við aldraða.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn og verkefnisstjórn.

Tímabil: Fyrir lok 2019.

2019: Hjúkrunarfræðingur tekur til starfa á Borgarfirði

2019-20: Heitur matur sendur heim til þeirra sem rétt eiga á 5x í viku.

Starfsmarkmið 3.10 **Leita þarf allra leiða til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis.** Skortur er á heilsárs(leigu)húsnæði á Borgarfirði. Fylgjast þarf með og greina hvaða tækifæri kunna að skapast með breyttum reglum um húsnæðisstyrki af hálfu ríkisins, sbr. byggðaaætlun. Stuðla þarf að því að borgfirskt atvinnulíf geti tekið þátt í byggingaframkvæmdum þegar að þeim kemur.

Ábyrgð: Sveitarstjórn, verkefnisstjórn.

Tímabil: Lokið fyrir árslok 2019.

2018: Rögnunefnd um húsnæðismál á Borgarfirði stofnuð.  
Endurskoðun húsnæðisáætlunar. Íbúðir teiknaðar.

2019:

Apríl: Sótt um stofnframlag til bygginga 4 íbúða til ÍLS.

Október: ÍLS samþykkir 24. október 2019. Bygging íbúða boðin út í kjölfarið. Eitt tilboð barst en var utan þeirra marka er fjármögnun leyfði.

2020:

Janúar: Leitað til Jötunn-bygginga um tilboð í tvö einingahús (4 íb.) m.v. fyrirliggjandi teikningar.

Febrúar: Samningur staðfestur af hreppsnefnd.

Apríl: Hús fara í framleiðslu.

Júlí-ágúst: Grunnar.

25. nóv: Húsin komu á Borgarfjörð

5. mars: Fyrstu íbúðum úthlutað

Starfsmarkmið 3.11 **Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun** með það að markmiði að auka framboð húsnæðis á Borgarfirði.

Ábyrgð: Fjarbúafélag og vinnuhópur íbúa.

Tímabil: Vor 2019.

Ekki verið rætt nema óformlega. Með tilurð fjarbúafélagsins er auðvelt að nálgast upplýsingar um laust húsnæði.

Starfsmarkmið 3.12 **Leitað verði allra mögulegra leiða til að ríki bæti Borgarfjarðarhreppi upp tekjuskerðingu grunnskólahalds sem sveitarfélagið hefur mátt þola af hendi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn í samstarfi við verkefnisstjórn.

Tímabil: Lokið fyrir árslok 2018.

Ekkert framlag 2018, 2019, 2020.



(Mynd: KPH)

## Meginmarkmið 4: Einstakt umhverfi

Starfsmarkmið 4.1 **Útfæra og setja upp sögu- og upplýsingaskilti sem undirstrika sérstöðu Borgarfjarðar.** Hvetja til þess að hús verði merkt með nafni og byggingarári. Styðja við frumkvæði að merkingum á sögu- og náttúruminum.

Ábyrgð: Sveitarfélag, ferðamálahópur, frumkvöðlar.

Tímabil: Fyrir sumar 2019.

2019: Fjarbúafélag fékk styrk úr BB 2019 til að útfæra hugmyndina. Prufuskilti verður sett upp við kirkjuna.

Starfsmarkmið 4.2 **Haldnir verði starfsdagar íbúa tvisvar á ári þar sem nánasta umhverfi er hreinsað og snyrt.** Að vori, fyrir 17. júní og að hausti, eftir verslunarmannahelgi. Skoðað hvort sveitarfélag styrki einstaklinga/félög/fyrirtæki til að taka að sér umsjón með „munaðarlausum“ svæðum.

Ábyrgð: Íbúar, sveitarfélag.

Tímabil: Tvisvar á ári. Stöðug eftirfylgni.

2018: Vinnudagur í Búðinni.  
2019: Úrbóttaganga um páska og sjálfbodaðaverkefni auglýst í kjölfar hennar. Plokkdagur í júní.  
2020: Plokkdagur í apríl. Umhverfisdagur í maí.  
Sjálfbodaðaliðaverkefni auglýst og mikil þátttaka.

Starfsmarkmið 4.3 **Stutt verði við verkefni sem stuðla að meiri sjálfbærni og stefnt að því að Borgarfjörður verði vistvænt bæjarfélag.** M.a. haldið áfram að minnka urðun úrgangs og auka endurvinnslu.

Ábyrgð: Verkefnisstjórn, sveitarfélag.

Tímabil: Árangursmat í fyrsta skipti í lok árs 2019.

Umhverfisnefnd hefur fjallað töluvert um málið.  
Samfélagssvín.

Starfsmarkmið 4.4 **Kortleggja möguleika Borgarfjarðar sem náttúruskoðunarsvæðis.** Fjölbreytt dýralíf er á svæðinu, m.a. fuglar, selir, hvalir sem gaman væri að veita meiri athygli.

Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við ferðaþjónustuaðila, landeigendur og Náttúrustofu.

Tímabil: Fyrir lok árs 2020.

Starfsmarkmið 4.5 **Ákveða þarf hvenær endurskoða skuli aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps.**

Ábyrgð: Sveitarstjórn.

Tímabil: Vor 2019.

Ákveðið að bíða með endurskoðun þar til eftir sameiningu þar sem þarf að taka upp aðalskipulag allra sveitarfélaganna við það.

2021: Aðalskipulag verður unnið fyrir allt Múlaþing.

Starfsmarkmið 4.6 **Festa í sessi og vinna að því að lengja viðveru landvarðar á Víknaslóðum.**

Ábyrgð: Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri og samstarfsaðilar.

Tímabil: Árlega.

Landverðir hafa komið árlega frá 2018.  
FFF hyggur á byggingu húss fyrir landvörð á Borgarfirði.

Starfsmarkmið 4.7 **Plastpokalaus Borgarfjörður.** Stórt skref var stigið er ákveðið var að Búðin á Borgarfirði yrði plastpokalaus og íbúum voru afhentir margnota pokar að gjöf.

Ábyrgð: Umhverfisnefnd, sveitarfélag, íbúar, verkefnisstjóri.

Tímabil: Stöðug eftirfylgni.

Sjá, 4.3

Starfsmarkmið 4.8 **Lagfæra þarf götur, gangstéttar og götulýsingu í þéttbýli.** Þá þarf að sérmerkja bílastæði fyrir hreyfihamlaða milli Fjarðarborgar og Búðarinnar.

Ábyrgð: Sveitarfélag.

Tímabil: 2019-2020.

Sjá 4.2

2020-21: Götulýsing var löguð að einhverju leyti í vetur.

2021: Vegurinn gegnum þorpið er sk. skilavegur, þ.e.

Vegagerðin skilar veginum til Múlaþings til áframhaldandi umhirðu og ábyrgðar. Verkið er í hönnun.

Starfsmarkmið sem tekin voru út á íbúafundi í júní 2020:

Starfsmarkmið 1.1 **Íbúar ræða og móta samfélagssáttmála og gera sýnilegan á heimasíðu.** Eins og kom fram á íbúafundi var lögð áhersla á að Borgfirðingar ræktuðu enn frekar með sér samkennd og hugsni sem heild. Horfa ætti til þessara þátta við mótun sáttmálans.

Ábyrgð: Starfshópur íbúa auk verkefnisstjóra.

Tímabil: Fyrir lok árs 2018.

Starfsmarkmið 2.9 **Setja upp miðlæga sölusíðu fyrir ferðaþjónustuaðila á Borgarfirði.** Best væri að tengja hana heimasíðu Borgarfjarðar eystri og byggja þar upp öflugt markaðs- og upplýsingasvæði fyrir ferðaþjóna og ferðamenn.

Ábyrgð: Ferðamálahópur, ferðaþjónustuaðilar.

Tímabil: Undirbúningur hefst 2018.

Starfsmarkmið 2.10 **Vinna að hönnun og uppsetningu á flóttaleiknum Borgarfjörður Escape eða sambærilegri hugmynd.**

Ábyrgð: Frumkvöðlar (Steinunn Káradóttir, Eyþór Stefánsson).

Tímabil: Stefnt að því að hugmyndavinnu verði lokið fyrir árslok 2018 og frekari markmið skilgreind að því loknu.

Starfsmarkmið 2.11 **Hafist verði handa við hugmyndavinnu og framkvæmd á bátsferðum** með það að markmiði að efla afþreyingu fyrir ferðamenn sem heimsækja Borgarfjörð.

Ábyrgð: Frumkvöðlar (Steinunn Káradóttir, Eyþór Stefánsson).

Tímabil: Vetur 2018 – 2019.